

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. mars 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-81/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 23. desember 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um þjónustu fyrirtækisins Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi afpantaði þjónustuna og krefst þess að seljandi endurgreiði honum þá greiðslu sem hann hefur innt af hendi.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfum, dags. 15. og 28. janúar 2020, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 11. febrúar 2020, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi óskaði eftir þjónustu seljanda við geymslu bifreiðar sinnar frá 19. desember 2019 til 11. janúar 2020 og greiddi seljanda 17.000 krónur þann 15. desember 2019. Álitsbeiðandi afpantaði þjónustu seljanda degi síðar og óskaði eftir endurgreiðslu. Samkvæmt skilmálum seljanda er heimilt að afpanta þjónustu og er gjaldið endurgreitt ef afpantað er meira en sólarhring fyrir upphafsdagsetningu geymslunnar. Álitsbeiðandi kveðst ítrekað hafa haft samband við seljanda en ekki fengið gjaldið endurgreitt. Krefst álitsbeiðandi þess að seljanda verði gert að endurgreiða sér 17.000 krónur.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi þjónustu af seljanda sem fólst í fyrirhugaðri geymslu á bifreið álitsbeiðanda frá 19. desember 2019 til 11. janúar 2020. Álitsbeiðandi greiddi fyrir þjónustuna fyrirfram eða þann 15. desember 2019 og afpantaði þjónustuna 16. desember 2019. Samkvæmt skilmálum seljanda verður gjald endurgreitt að fullu ef þjónustan er afþöntuð allt að sólarhring fyrir upphafsdagsetningu geymslutímans.

Kæruneftndin álitur að ákvæði 35. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu. Neytandi á samkvæmt ákvæðinu rétt á að afpanta þjónustu sem hann hefur óskað eftir og ber seljanda að endurgreiða gjald fyrir þjónustuna í samræmi við 1. mgr. 36. gr. þkpl.

Með hliðsjón af framangreindu og skilmálum seljanda álitur kæruneftndin að seljanda beri að endurgreiða álitsbeiðanda 17.000 krónur.

V

**Álitsorð**

Seljanda, Y, ber að greiða endurgreiða álitsbeiðanda, X, 17.000 krónur.

Áslaug Árnadóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson